

# Langtímaáhrif tilbúins áburðar og kúamykju á jarðveg og gróðurframvindu á Geitasandi

Guðni Þorvaldsson, Hólmgeir Björnsson og Þorsteinn Guðmundsson



Landbúnaðarháskóli Íslands, 2023.

Rit Lbhí nr. 164

ISSN 1670-5785

ISBN 978-9935-512-39-0

Verkefnið var styrkt af: Framleiðnisjóði landbúnaðarins

Höfundar: Guðni Þorvaldsson, Hólmgeir Björnsson og Þorsteinn Guðmundsson

Ljósmynd á forsíðu: Horft yfir nokkra reiti tilraunarinnar

Landbúnaðarháskóli Íslands starfar á sviði sjálfbærrar auðlindanýtingar, búvísinda, umhverfsvísinda, skipulagsfræði og matvælaframleiðslu á norðurslóðum. Fagfólk skólans nýtur akademísks frelsis og hefur sjálfðæmi við val á viðfangsefnum, túlkun niðurstaðna og birtingu þeirra, innan ramma starfsreglna skólans. Hlutverk Rits Lbhí er að miðla faglegri þekkingu en það er ekki ritrynt. Efni hvers rits er á ábyrgð höfunda og ber ekki að túlka sem álit Landbúnaðarháskóla Íslands.

## Efnisyfirlit

Samantekt .....	1
Summary .....	3
Inngangur .....	5
Efni og aðferðir .....	9
Greiningar .....	9
Framsetning og viðmiðanir .....	9
Tölfræði .....	10
Niðurstöður og umræður .....	11
Grasuppskera árin 1975-1981 .....	11
Jarðvegsgreiningar 2015 .....	12
Sýrustig .....	12
Rúmþyngd .....	13
Þyngd fínefna jarðvegs, tonn/ha .....	14
Glæðitap .....	15
Kolefni .....	16
Nitur .....	22
C/N hlutfall .....	25
Fosfór .....	26
Kalí .....	28
Kalsíum .....	30
Magnesíum .....	32
Natríum .....	34
Mangan .....	36
Kopar .....	38
Sink .....	40
Gróður .....	42
Gróðurgreiningar 2015 .....	45
Háplöntur .....	45
Mosar .....	59
Fléttur .....	62
Þakkarorð .....	64
Heimildir .....	64

## Samantekt

Árið 1974 var lögð út mykjutilraun á Geitasandi á Rangárvöllum með split plot skipulagi. Á stórreitum voru misstórir skammtar af kúamykju plægðir niður í ógróinn sandjarðveg (25, 50, 100 og 150 tonn/ha). Til samanburðar voru tveir meðferðarliðir með tilbúnum áburði (60 og 120 kg N/ha í Græði 5, 17-17-17). Engmo vallarfoxgrasi var sáð í tilraunina. Árið eftir var hverjum stórreit svo skipt í 3 minni reiti sem fengu mismunandi skammta af tilbúnum áburði næstu 7 árin (100N-20P-50K, 0N-20P-50K og 100N-0P-0K). Tilraunin var slegin einu sinni á hverju sumri þessi 7 ár og lögð niður að þeim tíma loknum. Meðaluppskera tilraunaliða þessi 7 uppskeruár var á bilinu 60-3630 kg þe./ha eftir áburðargjöf. Þegar tilrauninni lauk 1981 höfðu orðið töluverðar gróðurbreytingar í reitunum. Þekja vallarfoxgrass í reitunum hafði minnkað mikið og var á bilinu 0-50 % eftir því hvaða áburðarmeðferð reitirnir höfðu fengið.

Árið 2015, eftir að tilraunin hafði legið ósnert í 35 ár voru reitirnir gróðurgreindir og jarðvegssýni tekin úr þeim í tveimur dýptum til efnamælinga (0-5 cm og 6-20 cm). Eftirfarandi var mælt: Sýrustig, glæðitap, rúmþyngd, kolefni, nitur, fosfór, kalí, kalsíum, magnesíum, natríum, mangan, kopar og sink. Frá árinu 1981 til 2015 höfðu orðið miklar gróðurbreytingar í reitunum sem einnig má tengja við áburðarmeðferðir í upphafi tilraunar. Það mátti greina gömlu reitaskilin út frá gróðurfarinu.

Í gróðurgreiningu 2015 voru skráðar 33 tegundir háplantna, 2 mosategundir og 2 fléttutegundir. Mesta þekju höfðu tildurmosi (35%), krækilyng (31%) og blávingull (15%). Þekja heilgrasa og tildurmosa var mest í reitum sem fengu mikla mykju í upphafi. Af öðrum tegundum með svipað útbreiðslumynstur má nefna gulmöðru, hvítmöðru, vallhæru, vallhumal og tungljurt. Hlutdeild krækilyngs var hins vegar mest í reitum sem fengu litla eða enga mykju og í smáreitum sem ekki fengu nituráburð. Af tegundum sem höfðu svipaða útbreiðslu og krækilyng má nefna beitleyng, bláberjalyng, loðvíði og mosann hraungambra. Aðrar tegundir voru ekki með eins skýrt mynstur. Það var einnig athyglisvert að sjá hversu mikil áhrif það hafði á þekju heilgrasa að tvöfalda skammt tilbúins áburðar sáðárið. Áhrif tvöföldunar áburðargjafar sáðárið á hlutdeild heilgrasa eru enn til staðar 40 árum síðar.

Notað var fjölþætt línulegt aðhvarf til að mæla áhrif mismunandi jarðvegspáttá á þekju helstu tegunda. Magn niturs í jarðvegi hafði mest áhrif á þekju grasa þannig að grasþekja var meiri eftir því sem meira var af nitri í jarðveginum. Hið sama má segja um tildurmosann enda fylgdust þessar tegundir að. Aukið nitur í jarðvegi dró hins vegar úr þekju krækilyngs og beitleyngs. Aukið magn af kalsíum, magnesíum, mangani og kopar hafði jákvæð áhrif á þekju gulmöðru og hvítmöðru. Aukið magn af kalí og fosfór hafði einnig jákvæð áhrif á þekju gulmöðru. Aukið magn af kalsíum og sinki hafði jákvæð áhrif á vallhæru og aukið mangan og sink jákvæð áhrif á axhæru. Aukið magn af nitri, fosfór og mangani hafði neikvæð áhrif á þekju hraungambra. Aukið magn af magnesíum og sinki hafði jákvæð áhrif á fléttutegundina grábreyskju en natríum neikvæð áhrif.

Þetta land var girt og friðað um 1940 en landið var eigi að síður ógróið þegar tilraunin var lögð út árið 1974. Þessi tilraun sýnir að með áburðargjöf og sáningu í ógróið og snutt land er hægt að koma af stað gróðurframvindu og uppsöfnun niturs og kolefnis sem án slíkra inngripa tæki miklu lengri tíma. Það fer svo eftir áburðarmagni og fjölda ára sem borið er á hvaða stefnu gróðurframvindan tekur.

Marktækur munur milli dýpta var á flestum mælibreytum jarðvegs.

Marktæk áhrif áburðarmeðferða á sýrustig komu fram í efstu 5 cm jarðvegsins þannig að sýrustig hafði aðeins lækkað þar sem mest var borið á af mykju.

Jarðvegur í reitum sem fengu mikla mykju hafði lægri rúmþyngd en aðrir reitir.

Það var meira kolefni, nitur, fosfór, kalí, mangan og sink í reitum sem fengu mikla mykju í upphafi. Það var hins vegar minna af kopar í þessum reitum og C/N hlutfall var lægra.

Kolefnismagnið jókst um 7-14 tonn/ha eftir meðferðarliðum á tilraunátímanum (10,2 tonn/ha að meðaltali). Ef þessari aukningu er deilt á 41 ár fást 171-342 kg kolefnis á ári eða 250 kg að meðaltali.

Nitur jókst um 600-1240 kg/ha eftir meðferðarliðum á tilraunátímanum (830 kg/ha að meðaltali). Ef þessari aukningu er deilt á 41 ár fást 15-30 kg niturs á ári eða um 20 kg/ha að meðaltali.

Það var marktækur munur milli smáreita fyrir fosfór og kalí þannig að mest var af þessum efnum í reitum sem ekki fengu nitur en minnst í reitum sem ekki fengu fosfór eða kalí. Einnig var marktækur munur milli smáreita fyrir kalsíum og magnesíum þannig að minnst var af þessum efnum í reitum sem fengu N, P og K en þeir reitir gáfu mesta uppskeru. Einnig var marktækur munur milli smáreita í C/N hlutfalli þannig að það var hæst í reitum sem ekki fengu nitur. Smáreitir höfðu ekki marktæk áhrif á aðrar jarðvegsbreytur en þessar.

Á seinni hluta tilraunátímans komst alaskalúpína inn í þrjá tilraunareiti og þakti þá alveg. Kolefni í þessum reitum var 5,8 tonnum/ha meira (28%) en í sambærilegum reitum án lúpínu og nitur 280 kg/ha meira (19%).

## Summary

In 1974 a split plot experiment with manure and mineral fertilizer was laid out at Geitasandur which is, an eroded sand area that lies between Hella and Hvolsvöllur in Southern Iceland. The experimental area was divided into main plots which received increasing amount of manure (25, 50, 100, and 150 tons/ha) that was ploughed into the soil. For comparison two treatments of mineral fertilizer were also included (60 and 120 kg N/ha using 17N-7P-14K compound fertilizer). Timothy (var. Engmo) was sown into the experiment. The year after sowing, each main plot was divided into three sub plots that got different amount of mineral fertilizer the following 7 years (100N-20P-50K, 0N-20P-50K and 100N-0P-0K). The experiment was harvested once each summer these 7 years and ended after that. The average yield these 7 years was 60 to 3630 kg DM/ha depending on fertilizer treatment. When the experiment ended in 1981 the vegetation had changed considerably. The cover of timothy had decreased, was between 0 and 50% depending on fertilizer treatment.

In 2015, 35 years after the experiment ended, a vegetation analysis was performed and soil samples collected at two depths (0-5 cm and 6-20 cm) for soil analysis. The following analyses were done: pH in water, loss on ignition, bulk density, total C, total N, and ammonium lactate extractable P, K, Ca, Mg, Na, Mn, Cu and Zn. From 1981-2015, the vegetation in the different plots had developed in different ways depending on fertilizer treatment in the beginning of the experiment.

During the vegetation analysis 2015, 33 species of vascular plants were found, two species of mosses and two lichen species. The moss *Hylocomnium splendens* had the most cover (35%), crowberries (*Empetrum nigrum*) (31%) and *Festuca vivipara* (15%). The total cover of grasses and *Hylocomnium splendens* was highest in plots that got high amount of manure. Other species with similar distribution are *Gallium verum*, *Gallium pumilum*, *Luzula multiflora*, *Luzula spicata*, *Achillea millefolium* and *Botrychium lunaria*. The proportion of crowberries was highest in plots that got no or little manure and in subplots without nitrogen fertilizer. Among species that had similar distribution as crowberries were *Calluna vulgaris*, *Vaccinium uliginosum*, *Salix lanata* and the moss *Racomitrium lanuginosum*. Other species did not have as clear cover pattern. It was interesting to see that doubling the amount of mineral fertilizer in the year of sowing still had influence on grass cover 41 years later.

Multiple linear regression was used to assess the influence of different soil parameters on cover of some of the species. The amount of nitrogen in the soil had most effect on the cover of grasses. More nitrogen resulted in more cover of grasses. The same was true for the moss *Hylocomnium splendens* and these two species seem to go together. Increased nitrogen decreased the cover of crowberries and heather. Calcium, magnesium, manganese and copper had positive effect on the cover of *Gallium verum* and *Gallium pumilum*. Higher levels of potassium and phosphorus had also positive effect on cover of *Gallium verum*. Calcium and zinc had positive effects on the cover of *Luzula multiflora* and manganese and zinc on the cover of *Luzula spicata*. Increased amount of nitrogen, phosphorus and manganese had negative effect on the cover of the moss *Racomitrium lanuginosum*. Higher levels of magnesium and zinc had positive effect on cover of the lichen species *Stereocaulon alpinum* whereas sodium negative effects.

The area where the experiment is located has been protected from grazing since 1940. However there was almost no vegetation on that eroded sand area when the experiment started 1974. This experiment shows that by fertilization and sowing grasses or other species, the succession of vegetation and accumulation of nitrogen and carbon in the soil can be accelerated a great deal. It depends on the amount of fertilizer used and the number of fertilization years which direction the plant succession takes.

There was a significant difference between the two depths (0-5 and 6-20 cm) for most of the soil parameters.

Fertilizer had significant effects on pH in 0-5 cm depth. It was little lower in plots that got the highest amount of manure.

Soil in plots that got high amount of manure had lower bulk density than other plots.

There was more carbon, nitrogen, phosphorus, potassium, manganese and zinc in plots that got high amounts of manure 1974 than the others. There was less copper in these plots and lower C/N ratio.

The amount of carbon increased by 7-14 tons/ha depending on fertilizer treatment over the experimental period (10.2 tons on average). If this increase is divided on 41 years, we get 171-342 kg carbon per year or 250 kg on average.

The amount of nitrogen increased by 600-1240 kg/ha depending of fertilizer treatment over the experimental period (830 kg/ha on average). If this increase is divided on 41 years, we get 15-30 kg nitrogen per year or about 20 kg on average.

There was a significant difference between sub plots for phosphorus and potassium in the soil. Plots that did not get any nitrogen had the highest P and K values most of these minerals and plots that did not get potassium or phosphorus fertilizers had the lowest values.

There was also a significant difference between sub plots for calcium and magnesium. Both elements were lowest in plots that got N, P and K fertilizer. There was also a significant difference between sub plots for the C/N ratio, it was highest in plots without N fertilizer. Other soil parameters were not affected by sub plots.

In the latter half of the experimental period, lupine (*Lupinus nootkatensis*) started to invade three plots and these plots were totally covered by the lupine. Carbon in these plots was on average 5.8 tons/ha higher than in comparable plots without lupine (28%) and nitrogen 280 kg/ha higher (19%).

## Inngangur

Á Rangárvöllum hafa verið ógrónir sandar í margar aldir, þeirra er t.d. getið í Njálu sem talin er rituð í lok 13. aldar (Arnór Sigurjónsson 1958). Árið 1940 stóð Klemenz Kristjánsson tilraunastjóri á Sámstöðum og fleiri fyrir stofnun félagsskapar sem hafði það að markmiði að gera tilraunir á söndunum í Rangárvallasýslu. Með honum voru Hákon Guðmundsson hæstaréttaritari, Hákon Bjarnason skógræktarstjóri, Hermann Jónasson forsætisráðherra og Guðmundur Þorbjarnarson bóndi á Stóra-Hofi (Dagblaðið Tíminn 1940; Jón Bjarnason 1964). Félagið lét girða 42 ha landspildu á Geitasandi á Rangárvöllum, rétt ofan við þjóðveginn, vestan við afleggjarann að Keldum. Landið var þá örfoka og gróðurlaust. Landið hefur verið friðað síðan þá. Árið 1947 eignaðist tilraunaráð jarðræktar svæðið (Árni Jónsson, 1951). Þarna hafa verið gerðar margskonar ræktunartilraunir frá því svæðið var girt og er þetta eitt snauðasta svæðið sem slíkar tilraunir hafa verið gerðar á hér á landi.

Árið 1974 var lögð út stór tilraun innan þessarar girðingar (númer 354-74) þar sem misstórir skammtar af kúamykju voru plægðir niður í ógróinn sandjarðveg (25, 50, 100 og 150 tonn/ha). Til samanburðar voru tveir meðferðarliðir með tilbúnum áburði (60 og 120 kg N/ha í 17-17-17). Stórreitirnir voru 13 x 10 m að stærð. Mykjan var plægð ofan í sandinn eftir að hún var borin á og síðan var tætt með tæta einu sinni. Tilbúni áburðurinn var borinn á um leið og grasfræi var sáð í tilraunina. Notað var Engmo vallarfoxgras og sáð var 30 kg/ha. Sáð var í tilraunina og borið á 11. og 12. júlí 1974 og tilraunin var ágætlega gróin um haustið.

Árið eftir var hverjum stórreit skipt í 3 minni reiti (split plot skipulag) sem fengu mismunandi skammta af tilbúnum áburði næstu 7 árin (1. mynd). Áburðarmeðferðir smáreita voru eftirfarandi:

- a) 100 kg/ha af nitri (N), 20 kg/ha af fosfór (P) og 50 kg/ha af kalí (K)
- b) 0 kg/ha af N, 20 kg/ha af P, og 50kg/ha af K
- c) 100 kg/ha af N, 0 kg/ha af P og 0 kg/ha af K

Tilraunin var slegin einu sinni á hverju sumri þessi 7 ár og lögð niður að þeim tíma loknum. Nánari upplýsingar um aðstæður á Geitasandi má finna í riti Lbhí nr. 35 (Þorsteinn Guðmundsson o. fl., 2011).

Samskonar tilraunir voru gerðar á Hvanneyri, Reykhólum og Skriðuklaustri nema hvað þær voru ekki á sandi og notað var grindatað í stað kúamykju á Reykhólum og Skriðuklaustri. Þessar tilraunir voru ekki varðveittar eftir að tilraunatíma lauk og því ekki hægt að gera sambærilegar athuganir á þeim og Geitasandstílauninni. Tilraunin á Geitasandi varðveittist vegna þess að ekki þurfti að nota landið í annað þegar henni lauk.


Markmið tilraunarinnar var að mæla áburðargildi kúamykju í samanburði við tilbúinn áburð og var tilraunin lögð niður að þessum 7 árum loknum. Tilraunin var gróðurgreind 1980 og hefur fengið að liggja óhreyfð síðan. Niðurstöður voru birtar í Jarðræktarskýrslum RALA árin 1974-1981. Þá var birt grein í Frey þar sem niðurstöður fyrstu áranna voru kynntar (Hólmgeir Björnsson, 1979). Árið 2015, eftir að tilraunin hafði legið ósnert í 35 ár, veitti Framleiðnisjóður styrk til þess að gróðurgreina þessa reiti og taka jarðvegssýni úr þeim og var það gert sama ár. Þessi skýrsla fjallar fyrst og fremst um mælingarnar sem gerðar voru 2015. Á 2. og 3. mynd má sjá ljósmyndir af tilrauninni eins og hún leit út árin 1981 og 2015.



RANNSÓKNASTOFNUN  
LANDBÚNADARINS

TILRAUNALÝSING

Heiti tilraunar <i>Kiarnmykja á mjóttækil</i>		Tilraunúmer <i>354-74</i>	
Staður <i>Geitarvangur</i>	Heð	Halli %	Stafna
Tilraunastöð <i>Sámskóli</i>			
Spíða	Fjöldi líða	Fjöldi endurt.	
Tilraunakerfi			



1. mynd. Kort af tilrauninni, stóraitir merktir með stórum bókstöfum en smáreitir með litlum.



2. mynd. Tilraunin á Geitasandi við lok tilraunar 1981.



3. mynd. Tilraunin á Geitasandi sumarið 2015.

Ekki voru gerðar mælingar á efnainnihaldi mykjunnar sem var notuð í tilrauninni. Hafa verður í huga að nýting áburðarefna í búfjáráburði er háð geymslu, dreifingaraðferð, og dreifingartíma. Magn næringarefna í búfjáráburði er einnig breytilegt eftir því hverskonar fóður gripirnir fá. Að jafnaði gefur gott fóður hærra innihald næringarefna í mykjunni. Offóðrun á einhverjum næringarefnum eða rangt hlutfall fóðurefna í fóðrinu getur komið fram í auknu efnamagni í mykju og þvagi.

Reikna má með að kalí og fosfór í mykju nýtist nánast eins og þessi efni í tilbúnum áburði, þ.e.a.s. ef mykjan er borin á að vori (Ríkharð Brynjólfsson, 2010). Nitrið er vandmeðfarnara, hluti þess er úr þvagi í formi ammóníaks eða þvagefnis og tapast auðveldlega. Annar hluti nitursins er bundinn í lífrænu efni mykjunnar. Þessi hluti nitursins brotnar hægt niður og verður aðgengilegur yfir lengra tímabil. Ef mykjan er plægð niður, eins og gert var í þessu tilfelli, er nýting mun betri en þar sem dreift er á yfirborð. Mykjan inniheldur að auki mörg snefilefni sem plöntur þurfa á að halda og mykjan bætir einnig jarðvegsbygginguna.

Það er ekki hægt að gefa nákvæmt mat á næringarefnum í mykjunni sem borin var á tilraunina en ef miðað er við meðaltalstölur frá Ríkharði Brynjólfssyni (2010) þá væru 2,5 kg af kalí í hverju tonni af mykju, 0,5 kg af fosfór og 3,5 kg af nitri (þvag + mykja). Árið 1974 var hey ekki eins próteinríkt og síðar varð og minna gefið af kjarnfóðri, því hefur mykjan væntanlega innihaldið minna nitur en nú. Mykjan var á sínum tíma tekin úr ópétu haughúsi og hlandið var aðskilið og það hefur einnig dregið úr niturmagninu. Þess vegna gerum við ráð fyrir 2,5 kg af nitri í tonni af mykju. Mykjan var ekki blönduð vatni og þvag aðskilið og því gerum við ráð fyrir 15% þurrefni í mykjunni. Miðað við þessar forsendur hefur mykjan innihaldið eftirfarandi áburðarskammta (efnamagn tilbúna áburðarins er einnig sýnt):

	N kg/ha	P kg/ha	K kg/ha
A) Tilbúinn áburður (60 N/ha)	60	26	50
B) Tilbúinn áburður (120 N/ha)	120	52	100
C) Mykja 25 tonn/ha	63	13	63
D) Mykja 50 tonn/ha	125	25	126
E) Mykja 100 tonn/ha	250	50	250
F) Mykja 150 tonn/ha	375	75	375

Eins og áður segir byggir þetta ekki á mælingum á mykjunni sem var notuð heldur er þetta áætlun út frá öðrum mælingum á efnainnihaldi kúamykju.

## Efni og aðferðir

Tilraunin var gróðurgreind 15. og 16. júlí 2015. Það var gert með því að ganga um hvern tilraunareit og skrá þær tegundir sem sáust og áætla þekju hvernar tegundar. Þann 11. september voru tekin jarðvegssýni úr tilrauninni niður í 20 cm dýpt. Sýnunum var skipt í tvennt þannig að efstu 5 cm var haldið sér og því sem var þar fyrir neðan sér. Ætlunin var að skipta borkjörnunum í þrennt en það reyndist erfitt að halda borkjarnanum heilum þegar komið var í 10 cm dýpt og því var jarðvegi úr 6-20 cm slegið saman. Teknir voru 20 borkjarnar í hverjum smáreit.

Eftirtaldar greiningar voru gerðar á jarðveginum:

- Sýrustig (mælt í vatni).
- Rúmþyngd eftir að búið var að sigta jarðvegin.
- Glæðitap %
- Hlutdeild kolefnis %
- Hlutdeild niturs %
- Kalsíum mg/kg
- Magnesíum mg/kg
- Kalíum mg/kg
- Fosfór mg/kg
- Natríum mg/kg
- Mangan mg/kg
- Kopar mg/kg
- Sink mg/kg

## Greiningar

Þurrefni og glæðitap var greint í sömu innvigt. Þurrefni var mælt við 105°C og glæðitap við 550 °C yfir nótt.

Rúmþyngd úr hverjum reit var mæld á þurrkuðum sýnum og sigtuðum sýnum með því að sléttfylla 100 cm<sup>3</sup> dós og vigta.

Sýrustig var mælt með pH elektróðu í vatni (1:2,5).

Auðleyt næringarefni voru greind í ammóníumlaktatskoli (AL-skol) samkvæmt Egner, Riehm og Domingo (1960) þar sem K og Na voru greind með ljóslogamæli, Ca og Mg í AAS og P í bláum molybdat lit. Auðleyt næringarefni eru aðeins lítill hluti heildarforðans sem er í jarðvegi.

Kolefni og nitur voru greind eftir brennslu við 1200°C í Leco tæki.

## Framsetning og viðmiðanir

Niðurstöður jarðvegsgreininga eru settar fram sem magn í þurrefni fínna jarðvegsefna og birt eru meðaltöl fyrir einstaka tilraunaliði. Magn allra efna er sett fram í mg/kg af þurrum fínefnum (sandur, méla, leir) í jarðvegi.

Heildarmagn fínefna í jarðvegi er reiknað með rúmþyngd eins og hún mældist í hverjum reit. Þar sem magn grófra jarðvegsefna (steinar og möl) var ekki greint, þá eru magntölur um efni í tonnum eða kílóum á hektara eitthvað ofmetnar vegna þess að steinar og möl taka pláss. Í tilraunum í næsta

nágrenni á Geitasandi var hluti grófra jarðvegsefna og róta í efstu 20 cm jarðvegsins að meðaltali 6,6% en hærra utan tilraunanna (15,6%), einkum í 10-20 cm dýpt (Þorsteinn Guðmundsson o.fl., 2011). Rætur voru ekki vigtaðar í þessari tilraun en í áðurnefndum tilraunum á Geitasandi var þungi róta í efstu 20 cm jarðvegs að meðaltali tæp 5 tonn/ha.

Útreikningar byggja á eftirfarandi formúlum:

- 1)  $1 \text{ mg kg}^{-1} = 1 \text{ mj}/100\text{g} \times \text{atómpungi} / \text{gildi} \times 10$ . (atómpungar: Ca = 40,08; Mg = 24,31; K = 39,1 og Na = 22,99)
- 2)  $\text{g (mg) kg}^{-1}$  í fínefnum jarðvegs =  $\text{g (mg) kg}^{-1}$  jarðvegs
- 3)  $\text{g kg}^{-1}$  í jarðvegi  $\times$  rúmþyngd ( $\text{kg l}^{-1}$ )  $\times$  þykkt lags (cm) / 10 =  $\text{t ha}^{-1}$
- 4)  $\text{mg kg}^{-1}$  í jarðvegi  $\times$  rúmþyngd ( $\text{kg l}^{-1}$ )  $\times$  þykkt lags (cm) / 10 =  $\text{kg ha}^{-1}$

## Tölfræði

Tölfræðiforritið SAS var notað við úrvinnsluna. Þó svo að tilraunin hafi verið sett upp sem tilraun með deildum reitum (split plot) var fervikagreining niðurstaðna framkvæmd eins og um venjulega þáttatilaun hefði verið að ræða. Þetta gæti hafa haft einhver áhrif á matið en í stórum dráttum ætti þessi greining að gefa nokkuð rétta mynd af niðurstöðunum. Tilraunaskekkja á stórreitum er hugsanlega aðeins vanmetin en aðeins ofmetin á smáreitum vegna þessa. Í fyrstu var notað líkan með öllum áhrifaþáttum (stórreitum, smáreitum, blokkum og dýpt). Það var yfirleitt mikill munur milli dýpta og var því ákveðið að gera tölfræðigreiningar á hvorri dýpt fyrir sig. Þegar svona háttar til er líklegt að tilraunaskekkjan sé ekki sú sama í báðum dýptum og því réttara að hafa uppgjörin aðskilin.

Prófað var hvort jarðvegspættir gætu útskýrt breytileika í þekju helstu tegunda í tilrauninni. Notað var fjölþætt línulegt aðhvarf til að prófa þetta. Í svona útreikningum er mikilvægt að allir helstu áhrifaþættir séu í líkaninu. Ef mikilvæga þætti vantar getur það leitt til þess að áhrif þeirra færast yfir á aðra þætti. Þetta þarf að hafa í huga við túlkun.

Alaskalúpína (*Lupinus nootkatensis*) hafði lagt undir sig 3 tilraunareiti af 72. Þessir reitir voru því ekki teknir með í tölfræðiuppgjör heldur er gerð grein fyrir þeim sérstaklega. Þetta voru reitir númer 42 (Eb), 43 (Ac) og 44 (Ab) þar sem fyrri bókstafurinn táknar stórreit en sá seinni smáreit. Reitur 42 fékk því næststærsta mykjuskammtinn í upphafi en engan nituráburð eftir það, reitur 43 fékk enga mykju í upphafi og bara nitur eftir það og reitur 44 enga mykju í upphafi og ekkert nitur eftir það. Lúpínan hafði þau áhrif á jarðveginn að meira var af nitri og kolefni í þessum reitum. Auk þessa sáust lúpínuplöntur í nokkrum öðrum reitum en sýni voru ekki tekin nálægt þeim og lúpínunni sleppt í gróðurgreiningu. Þessir reitir voru því hafðir með í uppgjörinu.

## Niðurstöður og umræður

### Grasuppskera árin 1975-1981

Tilraunin var einslegin öll árin á tímabilinu 7. – 31. júlí. Frekari upplýsingar um tilraunina og niðurstöður einstakra ára má finna í fjölrítum RALA um niðurstöður jarðræktartilrauna frá árunum 1974-1981 (Jarðræktartilraunir 1974, 1975, 1976, 1977, 1978, 1979, 1980, 1981). Meðaluppskera allra 7 árana er sýnd í 1. töflu. Reitir sem ekki fengu nituráburð þessi 7 ár skiluðu mjög lítilli uppskeru eða um 8 % af því sem reitir sem fengu N,P,K skiluðu. Sandurinn er mjög snauður af nitri. Reitir sem fengu bara N þessi ár skiluðu 64% af því sem reitir sem fengu N,P,K skiluðu, þannig að P og K áburður skilaði líka miklum uppskeruauka.

Af 1. töflu sést einnig að stóru mykjuskammtarnir skiluðu nokkuð meiri uppskeru en reitir sem bara fengu tilbúinn áburð sáðárið. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að brennisteinsskortur hefur fundist í tilraunum á Geitasandi en búfjáráburður minnkar hættu á honum sem og þrífosfat (Hólmgeir Björnsson o.fl., 2018).

1. tafla. Uppskera í tilrauninni á Geitasandi árin 1975-1981, meðaltal 7 ára.

		Uppskera þe. kg/ha, meðaltal 7 ára (1975-1981)				
		Árlegur áburður eftir sáðárið				
		100N	0N	100N		
Áburður		20P	20P	0P		
nýræktarárið		50K	50K	0K	Meðaltal	
A	17-17-17, 60N	2750	60	1570	1460	
B	17-17-17, 120N	2680	94	1320	1365	
C	Kúamykja, 25 tonn	2590	103	1610	1434	
D	Kúamykja, 50 tonn	2860	163	1850	1624	
E	Kúamykja, 100 tonn	3630	429	2430	2163	
F	Kúamykja, 150 tonn	3370	651	2660	2227	
Meðaltal		2980	250	1907	1712	

## Jarðvegsgreiningar 2015

Hér eru birtar töflur sem sýna niðurstöður jarðvegsgreininga fyrir hvern stórreit og hvern smáreit, annars vegar í 0-5 cm dýpt og hins vegar í 6-20 cm dýpt. Eins og áður hefur komið fram var hverjum stórreit skipt í þrennt árið eftir sáningu og fengu þessir þrjú reitir mismunandi samsetningu af tilbúnum áburði (a=100N-20P-50K, b=0N-20P-50K, c=100N-0P-0K).

Jarðvegssnið var tekið á sandinum skammt frá tilrauninni árið 2007 (Þorsteinn Guðmundsson o.fl., 2011). Þá var jarðvegurinn skilgreindur sem Vitric Andosol (WRB 2006), melajörð.

### *Sýrustig*

Niðurstöður sýrustigsmælinga eru sýndar í 2. töflu. Það er marktækur munur milli stórreita í efra laginu ( $p < 0.01$ ) en ekki í því neðra. Sýrustigið var aðeins lægst í reitum sem fengu mest af mykju. Í efra laginu er  $R^2 = 0,33$ , staðalfrávik=0,11 og CV=1,69. Í neðra laginu er  $R^2 = 0,11$ , staðalfrávik=0,17 og CV=2,35.

2. tafla. Sýrustig eftir áburðarmeðferð og jarðvegsdýpt.

		pH í 0-5 cm dýpt			
		Árlegur áburður eftir sáðárið			
		100N	0N	100N	
Áburður		20P	20P	0P	
nýræktarárið		50K	50K	0K	Meðaltal
A	17-17-17, 60N	6,49	6,55	6,62	6,55
B	17-17-17, 120N	6,62	6,56	6,53	6,57
C	Kúamykja, 25 tonn	6,55	6,48	6,53	6,52
D	Kúamykja, 50 tonn	6,50	6,55	6,52	6,53
E	Kúamykja, 100 tonn	6,49	6,50	6,5	6,49
F	Kúamykja, 150 tonn	6,33	6,49	6,41	6,41
	Meðaltal	6,50	6,52	6,51	6,51
		pH í 6-20 cm dýpt			
		Árlegur áburður eftir sáðárið			
		100N	0N	100N	
Áburður		20P	20P	0P	
nýræktarárið		50K	50K	0K	Meðaltal
A	17-17-17, 60N	7,19	7,12	7,08	7,13
B	17-17-17, 120N	7,06	6,98	7,21	7,08
C	Kúamykja, 25 tonn	7,11	7,15	7,1	7,12
D	Kúamykja, 50 tonn	7,07	7,13	7,14	7,11
E	Kúamykja, 100 tonn	7,09	7,09	7,01	7,06
F	Kúamykja, 150 tonn	7,08	7,09	7,17	7,11
	Meðaltal	7,10	7,09	7,12	7,10

Ekki er marktækur munur milli smáreita. Sýrustigið er 0,59 einingum lægra í efstu 5 cm en í næstu 15 cm fyrir neðan. Í þremur áburðartilraunum skammt frá mykjutilrauninni, sem allar fengu áburð í 50 ár, er sýrustigið orðið heldur lægra, 6,19 í 0-5 cm dýpt og 6,60 í 6-20 cm dýpt að meðaltali (Þorsteinn Guðmundsson o. fl., 2011).

### Rúmpýngd

Niðurstöður rúmpýngdarmælinga eru sýndar í 3. töflu. Marktækur munur er milli stórreita í báðum dýptum ( $p < 0,05$  í efra lagi,  $p < 0,01$  í því neðra). Ekki er marktækur munur milli smáreita. Þessar niðurstöður sýna sömu tilhneigingu og glæðitapsmælingarnar, rúmpýngdin er lægri þar sem mest var borið á af mykju. Lægri rúmpýngd þýðir að meira sé af lífrænu efni í jarðveginum. Rúmpýngdin í þessari tilraun er mun hærri en í áburðartilraunum skammt frá sem fengu áburð árlega í 50 ár, einkum þó í



efstu 5 cm (Þorsteinn Guðmundsson o. fl. 2011). Í efra laginu er  $R^2 = 0,45$ , staðalfrávik=0,06 og CV=5,24. Í neðra laginu er  $R^2 = 0,45$ , staðalfrávik=0,04 og CV=3,03.

3. tafla. Rúmþyngd ( $\text{kg l}^{-1}$ ) eftir áburðarmeðferð og jarðvegsdýpt.

		Rúmþyngd í 0-5 cm dýpt			
		Árlegur áburður eftir sáðárið			
		100N	0N	100N	
	Áburður	20P	20P	0P	
	nýræktarárið	50K	50K	0K	Meðaltal
A	17-17-17, 60N	1,08	1,08	1,1	1,09
B	17-17-17, 120N	1,04	1,07	1,09	1,07
C	Kúamykja, 25 tonn	1,05	1,03	1,09	1,06
D	Kúamykja, 50 tonn	1,05	1,04	1,04	1,04
E	Kúamykja, 100 tonn	1,03	1,04	1,03	1,03
F	Kúamykja, 150 tonn	0,95	0,98	1,03	0,99
	Meðaltal	1,03	1,04	1,06	1,05
		Rúmþyngd í 6-20 cm dýpt			
		Árlegur áburður eftir sáðárið			
		100N	0N	100N	
	Áburður	20P	20P	0P	
	nýræktarárið	50K	50K	0K	Meðaltal
A	17-17-17, 60N	1,49	1,51	1,48	1,49
B	17-17-17, 120N	1,46	1,48	1,49	1,48
C	Kúamykja, 25 tonn	1,50	1,44	1,47	1,47
D	Kúamykja, 50 tonn	1,47	1,49	1,46	1,47
E	Kúamykja, 100 tonn	1,46	1,43	1,41	1,43
F	Kúamykja, 150 tonn	1,40	1,42	1,39	1,40
	Meðaltal	1,46	1,46	1,45	1,46

#### Þyngd fínafna jarðvegs, tonn/ha

Niðurstöður þyngdarmælinga á jarðvegi eru sýndar í 4. töflu. Marktækur munur er milli stórreita í báðum dýptum ( $p < 0,005$  í efra laginu  $p < 0,0001$  í neðra laginu) en ekki á milli smáreita. Í efra laginu er  $R^2 = 0,45$ , staðalfrávik=27,3 og CV=5,24. Í neðra laginu er  $R^2 = 0,45$ , staðalfrávik=66,3 og CV=3,03. Þessar niðurstöður eru í samræmi við rúmþyngdarmælingarnar. Jarðvegurinn er léttari þar sem meira var borið á af mykju.

4. tafla. Fínefni jarðvegs ( $t\ ha^{-1}$ ) eftir áburðarmeðferð og jarðvegsdýpt.

		Efni, tonn/ha í efstu 5 cm			
		Árlegur áburður eftir sáðárið			
		100N	0N	100N	
	Áburður	20P	20P	0P	
	nýræktarárið	50K	50K	0K	Meðaltal
A	17-17-17, 60N	539	540	548	542
B	17-17-17, 120N	520	536	547	534
C	Kúamykja, 25 tonn	523	515	542	527
D	Kúamykja, 50 tonn	526	519	518	521
E	Kúamykja, 100 tonn	515	518	514	516
F	Kúamykja, 150 tonn	477	490	513	493
	Meðaltal	517	520	530	522
		Efni, tonn/ha í 6-20 cm dýpt			
		Árlegur áburður eftir sáðárið			
		100N	0N	100N	
	Áburður	20P	20P	0P	
	nýræktarárið	50K	50K	0K	Meðaltal
A	17-17-17, 60N	2241	2266	2215	2241
B	17-17-17, 120N	2189	2227	2235	2217
C	Kúamykja, 25 tonn	2248	2155	2203	2202
D	Kúamykja, 50 tonn	2208	2234	2196	2213
E	Kúamykja, 100 tonn	2192	2137	2114	2148
F	Kúamykja, 150 tonn	2100	2130	2090	2107
	Meðaltal	2196	2192	2176	2188

#### Glæðitap

Niðurstöður mælinga á glæðitapi eru sýndar í 5. töflu. Það er marktækur munur milli stórreita í báðum dýptum ( $p < 0,05$  í efra laginu og  $p < 0,01$  í því neðra). Ekki er marktækur munur milli smáreita. Glæðitapið er hærra í reitum sem fengu mikinn búfjáráburð. Hærra glæðitap þýðir meira lífrænt efni. Meira lífrænt efni er í efstu 5 cm en næstu 15 cm eins og vænta mátti. Í efra laginu er  $R^2 = 0,28$ , staðalfrávik=0,84 og CV=11,35. Í neðra laginu er  $R^2 = 0,33$ , staðalfrávik=0,43 og CV=10,1.

5. tafla. Glæðitap fínafna jarðvegs (%) eftir áburðarmeðferð og jarðvegsdýpt.

		Glæðitap í 0-5 cm dýpt			
		Árlegur áburður eftir sáðárið			
		100N	0N	100N	
	Áburður	20P	20P	0P	
	nýræktarárið	50K	50K	0K	Meðaltal
A	17-17-17, 60N	7,20	7,51	6,44	7,05
B	17-17-17, 120N	6,98	7,12	7,03	7,04
C	Kúamykja, 25 tonn	7,77	7,89	7,52	7,73
D	Kúamykja, 50 tonn	7,03	7,53	7,14	7,23
E	Kúamykja, 100 tonn	7,39	6,57	7,57	7,18
F	Kúamykja, 150 tonn	8,47	7,68	8,01	8,05
	Meðaltal	7,47	7,38	7,29	7,38
		Glæðitap í 6-20 cm dýpt			
		Árlegur áburður eftir sáðárið			
		100N	0N	100N	
	Áburður	20P	20P	0P	
	nýræktarárið	50K	50K	0K	Meðaltal
A	17-17-17, 60N	3,73	3,76	3,66	3,72
B	17-17-17, 120N	4,28	4,27	4,17	4,24
C	Kúamykja, 25 tonn	4,15	4,21	4,36	4,24
D	Kúamykja, 50 tonn	4,12	4,18	4,33	4,21
E	Kúamykja, 100 tonn	4,43	4,34	4,8	4,52
F	Kúamykja, 150 tonn	4,33	4,44	4,36	4,38
	Meðaltal	4,17	4,20	4,28	4,22

### Kolefni

Niðurstöður kolefnismælinga á jarðvegi eru sýndar í 6. og 7. töflu. Varðandi hlutdeild kolefnis (6. tafla) er marktækur munur milli stórreita í báðum dýptum ( $p < 0,05$  fyrir efra lagið,  $p < 0,001$  fyrir neðra lagið). Ekki er marktækur munur milli smáreita. Í efra laginu er  $R^2 = 0,39$ , staðalfrávik=0,48 og CV=20,0. Í neðra laginu er  $R^2=0,38$ , staðalfrávik=0,08 og CV=15,5. Hlutdeild kolefnis er mest í reitum þar sem stærstu mykjuskammtarnir voru bornir á.

6. tafla. Kolefni (%) eftir áburðarmeðferð og jarðvegsdýpt.

		C % í 0-5 cm dýpt			
		Árlegur áburður eftir sáðárið			
		100N	0N	100N	
	Áburður	20P	20P	0P	
	nýræktarárið	50K	50K	0K	Meðaltal
A	17-17-17, 60N	2,30	2,55	1,90	2,25
B	17-17-17, 120N	2,37	2,47	2,12	2,32
C	Kúamykja, 25 tonn	2,56	2,87	2,46	2,63
D	Kúamykja, 50 tonn	2,28	2,05	2,41	2,25
E	Kúamykja, 100 tonn	2,32	2,26	2,53	2,37
F	Kúamykja, 150 tonn	2,93	2,66	3,00	2,86
	Meðaltal	2,46	2,48	2,40	2,45
		C % í 6-20 cm dýpt			
		Árlegur áburður eftir sáðárið			
		100N	0N	100N	
	Áburður	20P	20P	0P	
	nýræktarárið	50K	50K	0K	Meðaltal
A	17-17-17, 60N	0,40	0,44	0,42	0,42
B	17-17-17, 120N	0,48	0,5	0,43	0,47
C	Kúamykja, 25 tonn	0,48	0,5	0,53	0,50
D	Kúamykja, 50 tonn	0,53	0,48	0,48	0,50
E	Kúamykja, 100 tonn	0,46	0,55	0,53	0,51
F	Kúamykja, 150 tonn	0,63	0,61	0,54	0,59
	Meðaltal	0,50	0,51	0,49	0,50

Heildarmagn kolefnis fylgir svipuðu mynstri (7. tafla). Fervikagreining gaf marktækan mun milli stórreita í báðum lögum ( $p < 0,05$  í efra laginu,  $p < 0,005$  í því neðra). Ekki var marktækur munur milli smáreita. Í efra laginu er  $R^2 = 0,31$ , staðalfrávik=2,21 og CV=17,5. Í neðra laginu er  $R^2 = 0,30$ , staðalfrávik=1,63 og CV=14,9.

7. tafla. Kolefni (tonn ha<sup>-1</sup>) eftir áburðarmeðferð og jarðvegisdýpt.

		C tonn/ha í 0-5 cm dýpt			
		Árlegur áburður eftir sáðárið			
		100N	0N	100N	
	Áburður	20P	20P	0P	
	nýræktarárið	50K	50K	0K	Meðaltal
A	17-17-17, 60N	11,0	13,7	10,4	11,7
B	17-17-17, 120N	12,2	13,1	11,6	12,3
C	Kúamykja, 25 tonn	13,2	14,5	13,4	13,7
D	Kúamykja, 50 tonn	11,9	10,5	12,3	11,6
E	Kúamykja, 100 tonn	12,0	11,6	13,0	12,2
F	Kúamykja, 150 tonn	13,9	12,9	15,4	14,1
	Meðaltal	12,4	12,7	12,7	12,6
		C tonn/ha í 6-20 cm dýpt			
		Árlegur áburður eftir sáðárið			
		100N	0N	100N	
	Áburður	20P	20P	0P	
	nýræktarárið	50K	50K	0K	Meðaltal
A	17-17-17, 60N	9,0	9,9	9,2	9,4
B	17-17-17, 120N	10,6	11,2	9,5	10,4
C	Kúamykja, 25 tonn	10,7	10,7	11,7	11,0
D	Kúamykja, 50 tonn	11,6	10,8	10,5	11,0
E	Kúamykja, 100 tonn	10,0	11,8	11,1	11,0
F	Kúamykja, 150 tonn	13,3	12,9	11,3	12,5
	Meðaltal	10,9	11,2	10,6	10,9

Tilraunaliðir A og B fengu enga mykju fyrsta árið en tilbúinn áburð í staðinn, A fékk 60 N en B 120 N. Þó svo að munurinn milli þessara liða nái því ekki að vera tölfræðilega marktækur er athyglisvert að sjá að stærri skammturinn skilaði meira kolefni í jarðveginn í báðum dýptum.

Það er ekki mikill munur milli meðferðarliðanna í kolefnismagni, það eru fyrst og fremst reitirnir sem fengu mestan búfjáraður sem skera sig úr og smáreitun er óverulegur. Þegar tilraunin var lögð út 1974 fengu búfjáraðarliðirnir stóra kolefnisskammta í búfjáraður. Ekki eru til mælingar á mykjunni en ef miðað er við 15% þurrefni í mykjunni og að 40% mykjunnar sé kolefni verða skammtarnir á stórreitina þessir:

- A Ekkert kolefni
- B Ekkert kolefni
- C 1,5 tonn kolefnis
- D 3,0 tonn kolefnis
- E 6,0 tonn kolefnis
- F 9,0 tonn kolefnis

Þarna er æði mikill munur milli stórreita á fyrsta innleggi kolefnis í jarðveginn. Niðurbrot á þessu kolefni hefst þegar búið er að dreifa því í jarðveginn og þá losna næringarefni sem gefa grasuppskeru. Grasið var að mestu leyti fjarlæggt og þannig tapast næringarefni úr reitunum en grasið nýttist til uppgræðslu á landinu utan tilraunar þar sem því var dreift á sandinn.

Einungis lítil hluti þess lífræna efnis sem plöntur framleiða verður til langframa í jarðveginum. Stór hluti þess brotnar niður tiltölulega fljótt. Í sænskri rannsókn sem byggðist á langtímatilraunum sem staðið höfðu í 50 ár var stöðugleiki lífræna efnis á mismunandi formi metinn (Kätterer o.fl., 2011) og svokallaður seiglustuðull (humification coefficient) reiknaður fyrir þessi efni. Þar kom fram að tæp 40% róta í jarðveginum náðu að verða að stöðugu lífrænu efni en innan við 20% ofanjarðarhlutans. Samsvarandi tala fyrir búfjáraður var 30%. Eiginleikar bergtegundanna í jarðveginum og margir aðrir þættir, hafa áhrif á það hversu mikið kolefni binst í jarðveginum. Að mati Kätterer o.fl. (2012) er áhrifamesta leiðin til að auka bindingu kolefnis í jarðvegi að auka heildarljóstíllífun á flatareiningu. Það er hægt að gera með því að rækta mjög uppskerumiklar tegundir og búa þeim sem best skilyrði og nægan áburð.

Gross og Glaser (2021) tóku saman niðurstöður um hundrað tilrauna með búfjáraður víða um heim og komust að því að íblöndun búfjáraðar væri góð leið til að auka kolefni í jarðvegi. Það fer hins vegar eftir aðstæðum á hverjum stað (loftslagi, jarðvegi, magni kolefnis í jarðvegi) hvernig til tekst. Þeir komust líka að því að plöntuleifar og hálmur eru mun lakara hráefni en búfjáraður til að mynda langlíf kolefnissambönd. Þetta er í góðu samræmi við niðurstöður Kätterer o.fl. (2011) sem vísað er til hér að ofan.

Fyrstu sjö árin eftir að tilraunin var lögð út var borinn tilbúinn áburður á reitina og þeir slegnir árlega og uppskeran fjarlægð. Hér fyrir neðan (8. tafla) má sjá magn kolefnis sem var bundið í uppskerunni og fjarlæggt af einstökum meðferðarliðum. Gert er ráð fyrir að 45% þurrefnisuppskerunnar hafi verið kolefni. Mikill munur milli meðferðarliða kemur fram, einkum milli smáreita, liðir sem ekki fengu nitur gáfu litla uppskeru og því var minna fjarlæggt af næringarefnum úr þeim reitum.

8. tafla. Kolefni sem fjarlæggt var með uppskeru á 7 árum, kg/ha.

		Árlegur áburður eftir sáðárið			Meðaltal
		100N	0N	100N	
	Áburður	20P	20P	0P	
	nýræktarárið	50K	50K	0K	
A	17-17-17, 60N	8663	189	4946	4599
B	17-17-17, 120N	8442	296	4158	4299
C	Kúamykja, 25 tonn	8159	325	5072	4519
D	Kúamykja, 50 tonn	9009	514	5828	5117
E	Kúamykja, 100 tonn	11435	1351	7655	6814
F	Kúamykja, 150 tonn	10616	2051	8379	7015
	Meðaltal	9387	788	6006	5394

Ekki eru til jarðvegssýni úr sandinum frá 1974 þegar tilraunin var lögð út og ekki voru tekin sýni utan tilraunareitanna árið 2015. Þrjár aðrar tilraunir voru á sandinum, ekki langt frá þessari tilraun, og voru sýni tekin úr þeim haustið 2007 (Þorsteinn Guðmundsson o.fl., 2011). Þá voru einnig tekin sýni úr sandinum utan tilraunanna og gerðar samskonar mælingar og á jarðveginum í tilraunareitunum. Þau sýni geta verið góð vísbending um stöðuna 1974. Líklega er þetta fremur ofmat en vanmat því uppskerunni af tilraunareitunum var dreift á landið utan tilraunarinnar þessi ár sem hún var slegin og því ekki auðvelt að finna staði sem hafa verið ósnortnir af þessari aðgerð en það var samt reynt.

Samkvæmt mælingum voru 13 tonn af kolefni/ha í efstu 20 cm jarðvegsins utan tilraunanna. Ef sú tala er borin saman við niðurstöðurnar í 7. töflu sést að kolefnismagnið hefur aukist um 7-14 tonn/ha eftir meðferðarliðum (10,2 tonn/ha að meðaltali). Ef þessari aukningu er deilt á 41 ár fást 171-342 kg kolefnis á ári eða 250 kg að meðaltali. Hér þarf að hafa í huga að grófefni jarðvegsins (steinar og mól) voru ekki vigtuð og því er þetta mat á magni kolefnis á hektara eitthvað ofmetið og þetta gildir um mat á magni annarra efna sem mæld voru. Á móti kemur hugsanlegt ofmat á lífrænu efni við upphaf tilraunarinnar sem nefnt er hér á undan.

Í annarri tilraun skammt frá var árleg aukning kolefnis í jarðvegi 424-597 kg/ha á 50 ára tímabili en sú tilraun fékk tilbúinn áburð á hverju ári en öll ofanjarðaruppskera var fjarlægð öll árin (Þorsteinn Guðmundsson o.fl., 2018). Þetta þýðir að í þeirri tilraun, jók hvert kg af ábornu N, kolefni í jarðvegi um 1,05 kg/ha og nitur í jarðvegi um 0,15 kg/ha.

Ef svipaðri aðferð er beitt á þessa tilraun fást að meðaltali 12 kg af kolefni fyrir hvert kg af N sem borið var á og þá eru bara teknir þeir smáreitir sem fengu nituráburð. Þarna þarf að hafa í huga að uppskera úr þessari tilraun var bara fjarlægð í 7 ár en í 50 ár í hinni. Þegar uppskera er fjarlægð fylgir mikið af næringarefnum með.

Að meðaltali eru 23,5 tonn/ha af kolefni í efstu 20 cm jarðvegsins í þessari tilraun en í hinum þremur tilraununum á sama svæði sem fengu tilbúinn áburð í 50 ár og uppskeran var fjarlægð af reitunum öll árin voru 34,8 tonn að meðaltali í reitunum (Þorsteinn Guðmundsson o. fl., 2011).

Á seinni hluta tilraunatímans komst lúpína inn í þrjá tilraunareiti og þakti þá alveg. Kolefni í þessum reitum var 5,8 tonnum/ha meira (28%) en í sambærilegum reitum án lúpínu (4. mynd).

Töluvert ofar á Geitasandi (10-15 km) eru stórir uppgræðslureitir sem fengið hafa mismunandi meðferð (Ása Aradóttir og Kristín Svavarsdóttir 2009). Þeir voru lagðir út 1999. Fyrstu sjö ár tilraunatímans var árleg kolefnisbinding metin 400-630 kg C/ha eftir meðferðum (Arnalds o.fl. 2013). Engin binding var í ómeðhöndlaða landinu. Ólafur Arnalds o.fl. (2000) mældu einnig kolefni í jarðvegi á ýmsum uppgræðslusvæðum á landinu og fundu út að binding kolefnis væri um 600 kg á ári sem er heldur meira en það sem hér mældist. En eins og áður hefur komið fram var uppskera í þessari tilraun fjarlægð af reitunum árin sem borið var á þá og þetta er uppsöfnun sem nær yfir 40 ára tímabil.



4. mynd. Lúpínan er byrjuð að nema land í tilrauninni.



## Nitur

Niðurstöður niturmælinga á jarðvegi eru sýndar í 9. og 10. töflu. Varðandi hlutdeild niturs (9. tafla) er marktækur munur milli stórreita ( $p < 0,0001$ ) í báðum dýptum en ekki milli smáreita. Í efra laginu er  $R^2 = 0,45$ , staðalfrávik = 0,03 og CV = 20,8. Í neðra laginu er  $R^2 = 0,42$ , staðalfrávik = 0,01 og CV = 17,9.

9. tafla. Nitur (%) eftir áburðarmeðferð og jarðvegsdýpt.

		N % í 0-5 cm dýpt			
		Árlegur áburður eftir sáðárið			
		100N	0N	100N	
	Áburður	20P	20P	0P	
	nýræktarárið	50K	50K	0K	Meðaltal
A	17-17-17, 60N	0,12	0,12	0,11	0,12
B	17-17-17, 120N	0,13	0,12	0,11	0,12
C	Kúamykja, 25 tonn	0,14	0,14	0,14	0,14
D	Kúamykja, 50 tonn	0,13	0,11	0,14	0,13
E	Kúamykja, 100 tonn	0,15	0,14	0,16	0,15
F	Kúamykja, 150 tonn	0,18	0,16	0,20	0,18
	Meðaltal	0,142	0,132	0,143	0,139
		N % í 6-20 cm dýpt			
		Árlegur áburður eftir sáðárið			
		100N	0N	100N	
	Áburður	20P	20P	0P	
	nýræktarárið	50K	50K	0K	Meðaltal
A	17-17-17, 60N	0,03	0,03	0,03	0,03
B	17-17-17, 120N	0,04	0,04	0,04	0,04
C	Kúamykja, 25 tonn	0,04	0,04	0,04	0,04
D	Kúamykja, 50 tonn	0,04	0,04	0,04	0,04
E	Kúamykja, 100 tonn	0,04	0,05	0,04	0,04
F	Kúamykja, 150 tonn	0,05	0,05	0,05	0,05
	Meðaltal	0,04	0,04	0,04	0,04

Heildarmagn niturs fylgir svipuðu mynstri. Fervikagreining gaf marktækan mun á milli stórreita í báðum dýptum ( $p < 0,001$  í efra laginu  $p < 0,0001$  í því neðra). Ekki var marktækur munur milli smáreita. Í efra laginu er  $R^2 = 0,39$ , staðalfrávik = 0,14 og CV = 19,2. Í neðra laginu er  $R^2 = 0,35$ , staðalfrávik = 0,15 og CV = 17,3.

10. tafla. Nitur (tonn ha<sup>-1</sup>) eftir áburðarmeðferð og jarðvegsdýpt.

		N tonn/ha í 0-5 cm dýpt			
		Árlegur áburður eftir sáðárið			
		100N	0N	100N	
	Áburður	20P	20P	0P	
	nýræktarárið	50K	50K	0K	Meðaltal
A	17-17-17, 60N	0.61	0.66	0.62	0.63
B	17-17-17, 120N	0.67	0.64	0.62	0.64
C	Kúamykja, 25 tonn	0.74	0.70	0.78	0.74
D	Kúamykja, 50 tonn	0.69	0.55	0.70	0.65
E	Kúamykja, 100 tonn	0.76	0.71	0.81	0.76
F	Kúamykja, 150 tonn	0.84	0.75	1.02	0.87
	Meðaltal	0.72	0.67	0.76	0.72
		N tonn í 6-20 cm dýpt			
		Árlegur áburður eftir sáðárið			
		100N	0N	100N	
	Áburður	20P	20P	0P	
	nýræktarárið	50K	50K	0K	Meðaltal
A	17-17-17, 60N	0.76	0.76	0.76	0.76
B	17-17-17, 120N	0.84	0.88	0.79	0.84
C	Kúamykja, 25 tonn	0.86	0.85	0.93	0.88
D	Kúamykja, 50 tonn	0.93	0.88	0.86	0.89
E	Kúamykja, 100 tonn	0.88	0.98	0.83	0.90
F	Kúamykja, 150 tonn	1.10	1.11	0.99	1.07
	Meðaltal	0.90	0.91	0.86	0.89

Í 11. töflu er heildarmagn niturs í efstu 20 cm sýnt, þ.e. summa beggja dýpta í 10. töflu. Það kemur á óvart hvað munur milli meðferðarliða er líttill miðað við hversu mismikið nitur reitirnir fengu árin sem borið var á þá. Að einhverju leyti byggist þetta á því að mikið hefur verið fjarlæggt af nitri með uppskerunni úr þeim reitum sem fengu mest nitur. Svo er nitur bundið í þeim gróðri sem vex í reitunum, ofanjarðar og neðanjarðar. Einungis eru til efnagreiningar á uppskerunni frá árinu 1976. Sýni eru til frá hinum árunum sem hægt væri að greina. Í 12. töflu er sýnd niturupptaka gróðurs í þessi 7 ár sem tilraunin var slegin og er þá miðað við niðurstöðurnar frá 1976. Með því að greina sýnin frá hinum árunum fengist nákvæmara mat á upptökuna.

Að meðaltali eru 1,6 tonn/ha af nitri í efstu 20 cm jarðvegsins í þessari tilraun en í hinum þremur tilraununum á sama svæði sem fengu tilbúinn áburð í 50 ár og uppskeran var fjarlægð af reitunum öll árin voru 34,8 tonn að meðaltali í reitunum (Þorsteinn Guðmundsson o. fl., 2011).

11. tafla. Nitur ( $\text{tonn ha}^{-1}$ ) í efstu 20 cm jarðvegsins eftir áburðar-meðferð og jarðvegsdýpt.

		Árlegur áburður eftir sáðárið		
		100N	0N	100N
Áburður		20P	20P	0P
nýræktarárið		50K	50K	0K
A	17-17-17, 60N	1,37	1,42	1,38
B	17-17-17, 120N	1,51	1,52	1,41
C	Kúamykja, 25 tonn	1,60	1,55	1,71
D	Kúamykja, 50 tonn	1,62	1,43	1,56
E	Kúamykja, 100 tonn	1,64	1,69	1,64
F	Kúamykja, 150 tonn	1,94	1,86	2,01
	Meðaltal	1,61	1,58	1,62

12. tafla. Niturupptaka gróðurs í 7 ár, kg N/ha.

		Árlegur áburður eftir sáðárið		
		100N	0N	100N
Áburður		20P	20P	0P
nýræktarárið		50K	50K	0K
A	17-17-17, 60N	299	5	167
B	17-17-17, 120N	321	8	143
C	Kúamykja, 25 tonn	278	8	159
D	Kúamykja, 50 tonn	295	12	205
E	Kúamykja, 100 tonn	329	35	261
F	Kúamykja, 150 tonn	434	44	274
	Meðaltal	326	19	202

Ekki eru til jarðvegssýni úr sandinum frá 1974 eins og áður hefur komið fram, en tekin voru sýni úr sandinum skammt frá árið 2015 (Þorsteinn Guðmundsson o.fl., 2011). Samkvæmt þeim mælingum voru 770 kg af nitri/ha í efstu 20 cm jarðvegsins utan tilraunanna. Ef sú tala er borin saman við niðurstöðurnar í 11. töflu sést að niturmagnið í jarðveginum hefur aukist um 600-1240 kg/ha eftir meðferðarliðum (830 kg/ha að meðaltali). Ef þessari aukningu er deilt á 41 ár fást 15-30 kg niturs á ári eða um 20 kg að meðaltali. Í annarri tilraun á Geitasandi var árleg aukning niturs í jarðvegi 24-26 kg/ha á ári á 50 ára tímabili en sú tilraun fékk tilbúinn áburð á hverju ári (Þorsteinn Guðmundsson o.fl., 2018). Stór hluti aukningarinnar í þessari tilraun hefur væntanleg orðið fyrstu árin á meðan borið var á tilraunina.

Á seinni hluta tilraunatímans komst lúpína inn í þrjá tilraunareiti og þakti þá alveg. Kolefni í þessum reitum var 5,8 tonnum/ha meira (28%) en í sambærilegum reitum án lúpínu og nitur 280 kg/ha meira (19%).

### C/N hlutfall

Hlutfall C og N í jarðvegi er sýnt í 13. töflu. Marktækur munur er milli stórreita og smáreita í efra laginu ( $p < 0,0001$ ) en ekki í því neðra. Í efra laginu er  $R^2=0,71$ , staðalfrávik=1,14, CV=6,36. Í neðra laginu er  $R^2=0,14$ , staðalfrávik=2,06, CV=16,6. C/N hlutfallið er lægst í stórreitum sem fengu mesta af mykju.

13. tafla. C/N hlutfall eftir áburðarmeðferð og jarðvegsdýpt.

		C/N hlutfall í 0-5 cm dýpt			
		Árlegur áburður eftir sáðárið			
		100N	0N	100N	
	Áburður	20P	20P	0P	
	nýræktarárið	50K	50K	0K	Meðaltal
A	17-17-17, 60N	18,9	20,9	17,2	19,0
B	17-17-17, 120N	18,1	20,6	18,6	19,1
C	Kúamykja, 25 tonn	17,9	20,7	17,3	18,6
D	Kúamykja, 50 tonn	17,5	19,2	17,4	18,0
E	Kúamykja, 100 tonn	15,9	16,2	16,1	16,1
F	Kúamykja, 150 tonn	16,8	17,4	15,1	16,4
	Meðaltal	17,5	19,2	17,0	17,9
		C/N hlutfall í 6-20 cm dýpt			
		Árlegur áburður eftir sáðárið			
		100N	0N	100N	
	Áburður	20P	20P	0P	
	nýræktarárið	50K	50K	0K	Meðaltal
A	17-17-17, 60N	12,0	13,4	12,1	12,5
B	17-17-17, 120N	12,8	12,7	12,1	12,5
C	Kúamykja, 25 tonn	12,5	12,6	12,5	12,5
D	Kúamykja, 50 tonn	12,4	12,3	12,3	12,3
E	Kúamykja, 100 tonn	11,4	12,0	15,6	13,0
F	Kúamykja, 150 tonn	11,7	11,7	11,5	11,6
	Meðaltal	12,1	12,5	12,7	12,4

## Fosfór

Niðurstöður mælinga í auðleystum fosfór í jarðvegi (AL leysanlegur fosfór) eru sýndar í 14. og 15. töflu. Varðandi hlutdeild fosfórs (14. tafla) er marktækur munur milli stórreita í báðum dýptum ( $p < 0,01$  fyrir efra lagið en  $< 0,001$  fyrir neðra lagið) og milli smáreita ( $p < 0,0001$  í báðum dýptum). Í efra laginu er  $R^2 = 0,78$ , staðalfrávik=2,53 og CV=30,2. Í neðra laginu er  $R^2 = 0,60$ , staðalfrávik=1,58 og CV=35,8. Hlutdeild fosfórs er mest í stórreitum sem fengu stærstu mykjuskammtana og smáreitum sem fengu ekki nitur.

14. tafla. Auðleystur fosfór (mg/kg) eftir áburðarmeðferð og jarðvegsdýpt.

		P (mg/kg) í 0-5 cm dýpt			
		Árlegur áburður eftir sáðárið			
		100N	0N	100N	
	Áburður	20P	20P	0P	
	nýræktarárið	50K	50K	0K	Meðaltal
A	17-17-17, 60N	9,2	10,4	3,1	7,6
B	17-17-17, 120N	9,0	13,9	3,6	8,8
C	Kúamykja, 25 tonn	5,5	11,8	1,8	6,4
D	Kúamykja, 50 tonn	10,4	10,8	3,3	8,2
E	Kúamykja, 100 tonn	10,8	14,4	2,7	9,3
F	Kúamykja, 150 tonn	14,5	13,2	4,0	10,6
	Meðaltal	9,9	12,4	3,1	8,5
		P (mg/kg) í 6-20 cm dýpt			
		Árlegur áburður eftir sáðárið			
		100N	0N	100N	
	Áburður	20P	20P	0P	
	nýræktarárið	50K	50K	0K	Meðaltal
A	17-17-17, 60N	3,8	5,0	2,7	3,8
B	17-17-17, 120N	4,2	5,4	3,7	4,4
C	Kúamykja, 25 tonn	3,6	4,1	2,6	3,4
D	Kúamykja, 50 tonn	3,7	5,0	2,8	3,8
E	Kúamykja, 100 tonn	5,0	8,1	3,1	5,4
F	Kúamykja, 150 tonn	7,0	6,7	4,5	6,1
	Meðaltal	4,6	5,7	3,2	4,5

Í 15. töflu er magn auðleysts fosfórs í tveimur dýptum sýnt. Fervikagreining gaf marktækan mun á milli stórreita í báðum dýptum ( $p < 0,05$  í efra laginu og  $p < 0,0001$  í því neðra). Hámarktækur munur var einnig milli smáreita í báðum dýptum ( $p < 0,0001$ ). Í efra laginu er  $R^2 = 0,75$ , staðalfrávik = 1,38 og CV = 31,5. Í neðra laginu er  $R^2 = 0,56$ , staðalfrávik = 3,50 og CV = 35,9.

